



## **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**

Skúlagötu 4

101 Reykjavík

### **Efni: Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 300/2018, um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum.**

Það er jákvætt að ráðuneytið setji fram ákveðnar kröfur um eftirlit og mögulegar aðgerðir gegn laxalús. Það er samt sem áður okkar álit að þau reglugerðardrög sem nú hafa verið lögð fram til umsagnar séu alls ekki nógu sértæk og setji ekki fram nógu metnaðarfull viðmið um við hvaða mörk yfirvöld telji æskilegt að byrjað sé að grípa til aðgerða gegn laxalús. Þar að auki er ekkert fjallað um fiskilús (*Caligus Elongatus*), en það hefur sýnt sig undanfarin ár að hún getur valdið umtalsverðum þjáningum og tjóni í laxeldi. Fari þessi drög óbreytt í gegn mun það litlu breyta fyrir aðila í greininni því enn mun ríkja óvissa og ófyrirsjáanleiki um meðferðir gegn lús á laxi. Einnig væri þarft að setja Fiskisjúkdómanefnd skýr tímamörk fyrir úrvinnslu umsókna um leyfi til meðhöndlana.

Heillavænlegast væri að lögð yrði fram langtímaáætlun um hvernig takast eigi á við laxalúsina á hverju svæði fyrir sig (t.d. Vestfirðir, Austfirðir) og allir aðilar á hverju svæði skuldbindi sig til að vinna eftir slíkri áætlun. Yfirvöld gætu sett markmið og ramma utan um slíka áætlun en áætlanagerðin sjálf og framkvæmd ætti að vera í höndum laxeldisfyrirtækjanna sjálfra. Hlutaðeigandi stofnanir gætu svo lagt blessun sína yfir áætlunina þegar hún lægi fyrir. Eftirfylgni með slíkri áætlun mætti sjá fyrir sér að væri í höndum þriðja aðila (t.d. dýralæknþjónustu m/fiskiheilsu sem sérsvið) í gegnum samninga við hvert og eitt laxeldisfyrirtæki.

Markmið slíkrar langtíma áætlunar ætti að vera að koma í veg fyrir að lús á laxi valdi skaða á, eða ógni velferð eldislaxa sem og villtra laxa. Jafnframt að notkun lyfja gegn lús á laxi sé takmörkuð og notkun þeirra með þeim hætti að sem minnstar líkur séu á þróun ónæmis og að umhverfisáhrif verði lágmarkuð.

Fyrirnefnd áætlun ætti að (að lágmarki):

- vera skuldbindandi fyrir alla aðila innan sama svæðis.
- skilgreina hámarksfjölda kynþroska kvenlúsa, eftir árstíma, staðháttum og stærð fisks.
- skilgreina krítísk tímabil og svæði, þar sem mikilvægt er að fjöldi lúsa sé í lágmarki.
- innihalda plan fyrir lúsatalningar allt árið.
- innihalda meðhöndlunaráætlun og aðrar ráðstafanir gegn laxalús.
- innihalda ákveðnar takmarkanir á notkun lyfja til aflúsunar.
- skuldbinda aðila til að meðhöndla (baðmeðhöndla) einungis í lokaðri kví.
- innihalda meðferðaráætlun með lyfjablönduðu fóðri (Slice vet.) fyrir annars vegar laxaseiði (smolt) og hins vegar hrognkelsi. (Fiskilús)
- skilgreina hvenær slátrun er æskilegri valkostur en meðhöndlun.
- fjalla um, og gera ráð fyrir, öðrum úrræðum en lyfjameðhöndlunum gegn laxalús þegar fram líða stundir.

Forsendur þess að langtímaáætlun um að halda laxalús í lágmarki gangi upp eru m.a. þær að yfirvöld samþykki notkun lyfja gegn laxalús þegar fjöldi þeirra fer yfir ákveðin mörk, og þá mun lægri mörk en sett eru fram í þessum reglugerðardrögum. Einnig þyrfti meðferð Fiskisjúkdómanefndar á umsóknum um leyfi til meðhöndlana að vera samkvæmt skýrum og gagnsæjum reglum og æskilegt að möguleiki væri á að sækja um leyfi til meðhöndlana fyrirfram samkvæmt framlagðri meðhöndlunaráætlun.

28. maí 2020

f.h. Blár Akur ehf.



Hjalti Viðarsson  
dýralæknir



Asgeir Østvik  
dýralæknir